

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. desember 2013  
Tilvísun: UST20131200062/bs

### Könnun á matsskyldu - Heiðarár- og Þverárvirkjunar í Bláskógabyggð. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Í bréfi dags. 10. janúar 2012 taldi Umhverfisstofnun að afla þyrfti frekari ganga um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á lífríki í þeim ám sem rennsli mun skerðast í vegna stíflugerðar. Með ofangreindu bréfi Skipulagsstofnunar fylgdi greinargerð Veiðimálastofnunar um áhrif virkjanaframkvæmda á vatnalíf í Grafará.

Í greinargerðinni kemur fram að í Grafará gengur bleikja og urriði úr Apavatni til hrygningar og að rennsli mun skerðast frá fyrirhuguðum stíflum í Heiðará og Þverá að hluta eða að mestu leyti að Kaldagili eða á um 700 m löngum kafla í fyrrnefndum ám og í Grafará. Þrátt fyrir rennslisminnkunina er talið líklegt að fiskgengt verði áfram upp í Kaldagil og uppeldi seiða verði til staðar í Grafará á skertum svæðum.

Niðurstaða Veiðimálastofnunar er sú að *Umrædd skerðing á seiðaframleiðslu í Grafará kemur til skerðingar á þeim fjölda seiða sem áin gefur til Apavatns og getur þannig komið til minnkunar á veiði í Apavatni. Hlutfallslega vegur hún hins vegar ekki þungt þar sem stór hrygningar- og uppeldissvæði urriða og bleikju eru í ánum sem falla til vatnsins auk þess sem bleikja hrygnir líklega í vatninu sjálfu.*

Í fyrrnefndri umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að umfang mannvirkja s.s. stífla, lóna og stöðvarhúss er lítið og lögð verður áhersla á að fella mannvirki að landi. Því sé ekki ástæða til að ætla að áhrif mannvirkjagerðarinnar á landslag og ásýnd svæðisins verði mjög neikvæð auk þess sem líta beri til þess að hér er um að ræða þriðja sinn sem vatn verður virkjað í þeim ám sem hér um ræðir. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða og niðurstöðu Veiðimálastofnunar um takmörkuð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fiskistofna í Apavatni og staðbundin áhrif á lífríki í farvegum Heiðarár, Þverár og Grafarár telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

  
Björn Stefánsson